

Mundu

Þegar þú *notar* þau, gættu þess að taka þau með ábyrgum hætti

- Sýklalyf virka ekki á kvef eða flensu
- Taktu sýklalyf með ábyrgum hætti og aðeins þegar læknir hefur ávísað þeim
- Það er á allra ábyrgð að viðhalda áhrifum sýklalyfja

Þegar þú færð lyfseðil fyrir sýklalyfi, verður þú að fylgja leiðbeiningum læknisins til að minnka hættuna á að þróa ónæma gerla.

Ef þú fylgir ekki leiðbeiningunum, til dæmis ef þú styttr tímabil inntökunnar, ef þú tekur minni skammt eða ef þú tekur sýklalyfið ekki á þeim tíma dags sem læknirinn ráðleggur, geta gerlar orðið ónæmir fyrir sýklalyfjum.

Ónæmir gerlar geta dvalið innan í þér og þú getur einnig borið þá í aðra. Þetta getur sett þig og aðra í hættu að sýklalyf virki ekki næst þegar þú þarft á þeim að halda.

- Fylgdu ráðum læknis þíns varðandi hvenær og hvernig skal taka sýklalyf
- Ekki nota „afgangs“ sýklalyf
- Spurðu læknirinn þinn eða lyfjafræðing hvernig eigi að farga afgangi sýklalyfja



Vitundavakning varðandi sýklalyf

Halda sýklalyfjum virkum

Sýklalyfjaónæmir gerlar eru vaxandi og alvarlegt heilsuvandamál

Í margar áratugi hafa sýklalyf læknað lífshættulegar sýkingar. Á undanförunum árum hefur röng notkun sýklalyfja hins vegar leitt til þróunar og dreifingar á sýklalyfjaónæmum gerlum.

Þegar fólk fær sýkingar af völdum ónæmra gerla, virka sýklalyf ekki lengur til að meðhöndla sýkinguna og það kann að taka lengri tíma að losna við sjúkdóminn eða hann getur jafnvel orðið alvarlegri.

Að lofa ónæmi gegn sýklalyfjum að þróast er alvarleg lýðheilsuögn því ónæmir gerlar kunna að dreifast innan samfélagsins.

Taktu sýklalyf aðeins þegar nauðsyn krefur

Sýklalyf ættu aðeins að vera notuð þegar þeirra er þörf, því ofnotkun getur gert gerla ónæma fyrir sýklalyfjum.

Það hjálpar þér ekki að taka sýklalyf þegar þú þarft ekki á þeim að halda. Til dæmis, hafa sýklalyf EKKI áhrif þegar um er að ræða sýkingar af völdum vírusa eins og til dæmis kvef og flensu. Í flestum tilfellum ætti ónæmiskerfið að geta sigrað einfaldar sýkingar. Það að taka sýklalyf mun ekki hjálpa þér að batna eða koma í veg fyrir að vírusar berist á milli fólks.

Einungis læknir getur gert rétta greiningu og ákveðið hvort þú þurfir á sýklalyfi að halda.

- Það er á allra ábyrgð að viðhalda áhrifum sýklalyfja
- Ábyrg notkun sýklalyfja getur hjálpað til við að stöðva ónæma gerla
- Að stöðva ónæma gerla mun halda sýklalyfjum virkum fyrir komandi kynslóðir

- Ekki taka sýklalyf án lyfseðils frá lækni
- Ef þú ert með kvef eða flensu og læknirinn þinn ákveður að þú þurfir ekki sýklalyf, hugsaðu vel um sjálfa(n) þig svo þér batni
- Ef einkenni þín skána ekki eða versna innan þess tímaramma sem læknirinn tilgreindi, hringdu í lækni því hann gæti þurft að skoða þig aftur

EUROPEAN
ANTIBIOTIC
AWARENESS DAY



A European Health Initiative



Kvef? Flensa?

Hugsaðu vel um þig en ekki taka sýklalyf!

Hvað skal gera ef þú færð kvef eða flensu og læknirinn ávísar ekki sýklalyfjum

1. Hvíldu þig og hugsaðu vel um þig til að batna
2. Drekkstu nægan vökva til að forðast ofþornun
3. Spurðu lækni þinn út í aðrar meðferðir en sýklalyf til að minnka einkenni þín á borð við stíflað nef, auman háls, hósta, osfrv.

Ef einkenni þín skána ekki eða versna innan þess tímaramma sem læknirinn tilgreindi, hringdu í lækni því hann gæti þurft að skoða þig aftur.